



Minjastofnun
Íslands

The Cultural
Heritage Agency
of Iceland

Minjavörður Suðurlands

Bankavegur
800 Selfoss

(354) 570 13 16
(354) 898 88 52

www.minjastofnun.is
Kennitala: 440113-0280

Uggi Ævarsson
Minjavörður
uggi@minjastofnun.is

Vegagerðin á Selfossi
maria.dis.asgeirsdottir@vegagerdin.is
Breiðumýri 2
800 Selfossi

föstudagur, 12. apríl 2024
MÍ202404-0094/ 6.10 / U.Æ.

Efni: Vegarbætur á Hagabraut frá Landvegi

Minjastofnun barst umsagnarbeiðni frá Maríu Dís hjá Vegagerðinni á Selfossi vegna vegarbóta sem til stendur að ráðast í á hluta Hagabrautar, frá Landvegi (26) við Hvamm og norður að Reiðholti. Sunnarlega á leiðinni, skammt vestan vegar, er trjálundur og sumarhús inni í lundinum. „Garðhús“ stendur þar á hliði. Meðfram lundinum, samhliða veginum, er garðlag og girðingarstaurar þar ofan á. Við fyrirhugaðar vegarbætur skal passa að raska ekki þessu garðlagi (S-hnit: A428825 N379921. N-hnit: A428678 N380073). Svæðið hefur verið fornleifaskráð: *Aðalskráning fornleifa í Rangárþingi ytra*. Áfangaskýrsla III, 2. bindi. Ritstj. Kristborg Þórsdóttir. FS526-06193. Fornleifastofnun Íslands ses. Reykjavík, 2014. Uppmælingarnar má finna á vefsíðu Minjastofnunar Íslands. Aðeins einn minjastaður – rétt – er mjög nálægt veginum (tæpir 20 m), RA-389: 006. Passa þarf upp á að minjarnar raskist ekki við framkvæmdir. Verktaki ætti að skoða minjavefsíðuna, dreifingu minja, áður en hafist verður handa við verkið. Mögulega þyrfti að merkja/girða af minjar til að koma í veg fyrir að strákurinn á gröfunni skemmi töft óvart þegar hann er að skipta um skóflu eða snú vél etc.

Minjavörður Suðurlands fór á vettvang þann 11. apríl 2024 og tók fyrirhugað framkvæmdasvæði út með tilliti til fornleifa, mannvirkja og gamalla húsa. Minjavörður gerir ekki frekari athugasemdir við fyrirhugaða vegagerð utan þeirra sem fram koma hér að framan.

Rétt er að vekja athygli á 2. mgr. 24. gr. laga um menningarminjar nr. 80/2012 en þar segir: „Ef fornminjar sem áður voru ókunnar finnast við framkvæmd verks skal sá sem fyrir því stendur stöðva framkvæmd án tafar. Skal Minjastofnun Íslands láta framkvæma vettvangskonnnun umsvifalaust svo skera megí úr um eðli og umfang fundarins. Stofnuninni er skylt að ákveða svo fljótt sem auðið er hvort verki megí fram halda og með hvaða skilmálum. Óheimilt er að halda framkvæmdum áfram nema með skriflegu leyfi Minjastofnunar Íslands.“

Vakin er athygli á því að skv. 51 gr. laga um menningarminjar nr. 80/2012 eru ákvarðanir Minjastofnunar Íslands skv. 20., 23., 24., 28., 42. og 43 gr. sömu laga endanlegar á stjórnsýslustigi og ekki kærarlegar til æðra stjórnvalds. Jafnframt er vakin athygli á því að skv. 21. gr. stjórnsýslulaga nr. 37/1993 getur aðili máls óskað eftir skriflegum rökstuðningi stjórnvalds fyrir ákvörðun hafi slíkur rökstuðningur ekki fylgt ákvörðuninni þegar hún var tilkynnt. Beiðni um rökstuðning fyrir ákvörðun skal bera fram innan 14 daga frá því að aðila var tilkynnt ákvörðunin og skal stjórnvald svara henni innan 14 daga frá því hún barst.

Virðingarfyllst,

A handwritten signature in blue ink, appearing to read 'Uggi Avarsson', with a stylized, flowing script.

Uggi Avarsson

Minjavörður

Afrit sent: birgir@ry.is